

Ed.

48. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Á eftir orðunum „Á Seley ... hljóðviti“ í 9. gr. laganna komi: Á Hafnarnesi ... ljósviti, endurbygging.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vitinn á Hafnarnesi hefir frá byrjun verið kostaður af Búðahreppi í Fáskrúðsfirði. Nú er vitinn orðinn svo úr sér genginn, að ekki verður hjá því komizt að endurbyggja hann. Fjárhagsafkoma Búðahrepps er nú orðin svo erfið, að honum er algerlega um megn að standa straum af vita þessum, enda með öllu ósanngjarnt, að fátækt hreppsfélag annist starfrækslu hans, þar sem vitinn er ekki aðeins innsiglingarviti, heldur einnig og engu síður strandsiglingaviti og því lífsnauðsyn öllum sjófarendum, sem sigla um þessar slóðir. Virðist því sjálfsagt að fella hann inn í vitakerfi landsins.